Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Dr. juris Björn Þórðarson

## Dagbók 1944 - II.

Björn Þórðarson – Forsætisráðherra – Annálar – Minnisblöð – Dagbók 17. ágúst - 21. október 1944

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Einkaskjalasafn nr. 470
Forsætisráðherra frá 16. desember 1942 til 21. október 1944
Askja 7

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

1944

II

17/8 – 21/10.

# SQUARE DEAL

COMPOSITION BOOK

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# 1944.

Ág.

Fld. 17. Ríkisráðsfundur. Þar ákveðin samkoma Alþingis 2. sept. Rætt var um för forseta til Washington í heimsókn til forseta Roosevelt. E.A. var ekki á fundinum. Gerði ég mér í ferð austur að Laugarvatni til þess að segja honum frá hvernig málið stæði. Held ég, að það hafi verið heppilegt, að ég gerði þetta. Hann var ekki léttur á brún þegar ég hóf mál mitt, en tók að hressast eftir því sem fram leið á [illegible] mitt. Töluðum við síðan um fast og laust, og lékum báðir á alls oddi er við skildumst. Vænti ég að hann komi á sunnudag. Hann spilar þarna við Ara og Guðj. Sam. og einhvern þann þriðja.

Föstud. 18. Fundur í utanríkismálanefnd. Þar tilkynnt för forseta til Wash. Á fundinn komu af Sjálfstfl. Magnús Jóns., Jóh. Jós. Ól. Th. ekki þótt heima væri og fundurinn boðaður honum. Frá Framsókn. Herm. og B. Ásg. og

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# 1944

Ág.

frá honum fl. E. Olg. og St. J. St. Boðskapnum um vesturför forseta var ekki tekið fálega af neinum. E. Olg. hélt hofsamlegan ræðustúf. Við höfðum búizt við meðföðum undirtektum. Bæjarstjórn og borgarstjóri hélt veizlu fyrir forseta. Þar voru haldnar tvær stuttar ræður. Báðar tilhlýðilegar. Ég hafði ekki neitt merkisviðtal við neinn og ekki bar fundum okkar Ól. Th. saman. Annars leið mér vel í veizlunni bæði meðan setið var undir borðum og þó sérstaklega á eftir sökum góðra borðfélaga. Kom heim kl. $12^{45}$.

Ld. 19. Fór til Þingvalla og áttum við fund þar B. Ól. og V. Þ. um dýrtíðartillögur sem B. Ól. hefur tekið saman. Verður nú fundur aftur á morgun væntanlega með E. A. líka, þótt búast megi við, að hann leggi ekki margt til málanna, þó að B. Ól.

# 1944.

Ág.

vilji knýja hann til þess. Fór til V. Þ. og skoðaði hjá honum fjölda mynda af lýðveldishátíðinni.

Sd. 20 Tilefnislaus og smásmuglegt árás á mig í Sunnudagsbréfi Morgunblaðsins í dag fyrir skoðanir mínar í ræðunni 1. desbr. 1942. Líklega hefur B. Ben. skrifað þetta eða sagt Valtý að drepa á þetta, svo heimskulegt sem það er. Samdi tilk. til blaða um orðunefnd.

Md. 21. Talaði við forseta og sýndi honum uppkast að tilkynningu minni til blaðanna viðv. orðunefndinni. Hann féllst á hana sem og B. Ól. sem ég hafði sýnt hana áður. Fundur síðan með V. Þ. og E. A. um mál fyrir ríkisráðsfund á morgun. B. Ól. var ekki, kvaðst lasinn. Annars áttu V. Þ. og B. Ól. að tala við Hermann um dýrtíðarmál, en ekki veit ég hvort það samtal hefur farið fram. Ól. Th. hringdi síðd. kl. 4. utanríkis-

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1944

Ág.

ráðun upp og gerði nokkrar athugasemdir
við hann viðvíkjandi forsetaförinni, en
mun hafa sótt sig við fenginn svör.

Þrd. 22. Ríkisráð í morgun. Var þá talað um
vesturför forseta. E.A. var mjög fátalaður.
Seinna um daginn fundur með E.A. og B.Ól.
um dýrtíðartill. ríkisstjórnarinnar. Fór
skipulega með B.Ól. og E.A. og var hann
pósitivur í umræðunum, þótt ekki legði
hann neitt nýtt til málanna. Talað um
aðferðir gagnvart þinginu, ef það vildi
ekkert hafast að í dýrtíðarmálunum, en
það er líklegast eftir því sem ráða mátti
af Hermanni við samtal þeirra B.Ól. og
V.Þ. við hann í gær. S. & S. kváðu eiga
samtöl saman hvað sem úr þeim
verður.

Mvd. 23. Við B.Ól. fórum suður á Reykjanesflugvöll
til þess að fylgja forseta og V.Þ. til flugs

1944

Ág.

til Ameríku. Lunch hjá general Key og
sat ég milli hans og Dreyfus við borðið
gegnt forsetafrúnni. Var þar mikið spjallað
og hátt, því að Key er hávær og hressilegur
kool. Þá áttum við B.Ól. og V.Þ. sérstakar sam-
ræður saman í afherbergi þar, viðvíkjandi
blaðaskvaldrinu í U.S. um, að þau yrðu að
hafa herstöðvar á Ísl. o. fl. Vorum við allir
ásáttir um, að V.Þ. yrði að reyna í viðtali við
blaðamenn þar að kveða þetta niður. Trúi
ég V.Þ. vel til að koma orðum að þessu.
Í dag birtist greinargerð mín um fálka-
orðuna. Eftir er að vita hvernig henni verður
tekið. Forseti var kvaddur á flugvellinum
af amerísku herliði í fylkingum með
hinni mestu kurteisi á hermannavísu.
Þetta hafði nú svona og svona áhrif á mig.

Fid. 24. Gizur Bergst. og G. Sv. sem nú ásamt mér fara
[illegible]

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1944

Ág.

og voru báðir mjög óánægðir vegna sinnar köllunar. Virtist mér G. Sv. vilja koma hingað að austan og dvelja hér meðan forseti væri utanlands. Ég sagði honum og Gizzuri, að ég mundi í tíma kveðja þá til er til þyrfti að taka og gætu þeir lifað án áhyggna þessvegna. B.Ól. afhenti mér og E.A. uppkast að dýrtíðartillögum. – E.A. sagði mér, að málflutningsmenn vildu heldur Kr. Kr. sem borgarfógeta en Gunnar Pálsson. Það er gott að álits þeirra var leitað eins og ég hafði lagt til við E.A.

Föstud. 25. Vísir tekur Mbl. í gegn fyrir stórfálskulega grein um V.Þ. útaf utanför hans með forseta. Er árásin á V.Þ. argasta níð og dylgur í garð stjórnarinnar. Er sýnilegt að þeir Ól.Th. og B. Ben. ná ekki uppí nefið á sér fyrir reiði, því að þeir vita, að forsetaförin var ráðin alveg án samráðs við Thor

1944.

Ág.

Thors. Einnig hirtir Vísir Mbl. fyrir bullið um mig á sunnudaginn. Ef til vill er Ól. Th. einnig reiður við mig, af því að ég ýtti honum úr orðunefndinni með J.J. Þetta tiltæki mitt lýsir að vísu ekki stjórnkænsku, en það er rétt.

Ld. 26. Biskup talar við mig og vill endilega láta síma til V.Þ. illmæli Mbl. um hann. Ég tel því alls fjarri. Hann hefur enga ánægju eða gagn af því að vita um það. Frú V.Þ. var alveg sammála mér um þetta og aftók það líka í síðara samtali við biskup, svo og að koma á framfæri að svo stöddu mótmælum í blöð hér. – Fór til Þingvalla, en vissi ekki fyrr en þar kom, að mr. & mrs Dreyfus var boðin í dinner hjá B.Ól. og frú. Dvöldust þau þar til kl. 10. Frú V.Þór var þar líka. Hún var mjög æst út af árásunum á mann sinn í Mbl. en ég gerði mitt bezta til að [illegible] og [illegible] það [illegible].

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1944

Ág.

Ld. 27. Á Þingvöllum. För forseta gengur vel.

Md. 28. Fundur með B.Ól. og G.A. um dýrtíðartillögurnar, sem lagðar verða fram af stjórninni og lítilsvirtar af Alþingi að líkindum. Í gær voru í Reykjavíkurbréfi Mbl. svívirðingar um mig útaf breytingu á reglum fyrir Fálkaorðuna og heiðursmerki vegna endurreisnar lýðveldisins. Á þessu tvennu átti ég von. Gremja Morgunblaðsbroddanna gagnvart mér ríður ekki við einteyming, enda er nú atlagan gegn stjórninni hafin á ný fyrir alvöru.

Þd. 29. Nefnd launakröfumanna ríkis og bæjar kom á minn fund, og var Sig. Thorlacius framsm. nefndarinnar. Ég gaf lítil svör en ekki óþægileg, og fór nefndin sátt við mig, að ég held, af mínum fundi. För forseta og V.Þ. gengur að óskum.

1944

Ág.

Tíminn (Hermann) tekur réttilega og alvarlega ofan í Ól.Th. útaf árásinni á V.Þ. vegna vesturfarar hans.

Mvd. 30. Dýrtíðartillögur stjórnarinnar sendar flokkunum og þeir beðnir að svara fyrir 10. sept. Trúlegast er, að þeir komi sér hjá því að svara.

Fkl. 31. B.Ól. vill láta nefndina, sem hafði umsjón með atkvæðagreiðslunni um skilnað og lýðveldi fá lýðveldismerkið vegna þessa, en hún vann kauplaust. Nefnd þessi var dugleg ekki skal því neitað og hún á skilið gjald fyrir starfa sinn, en þetta merki hefi ég aldrei ætlað þeim mönnum er í nefndinni voru og verður að heiðra þá á annan hátt. – Hefi ekkert heyrt frá pólitíkusunum.

Sept. Forseti er sagður hafa lagt af stað frá

Fsd. 1. [illegible]

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1944.

Sept.

að vera hér á morgun. Hermann tal-
aði við mig í morgun. Hann vill ekki
kosningar í haust. Segir hann, að þeir
muni tefja að gefa stjórninni svar
við dýrtíðartill. hennar. Mér virtist
hann vera velviljaður stjórninni og
hefur góðan skilning á aðstöðu hennar.
Ekki dylst mér, að hann fyrirlíti makk og
brölt S.-S. fl., enda er það að vonum,
og metur hann ærið lítils suma þeirra manna.
B.Ól. las fyrir mér greinargerð sína fyrir
frv.

Ld. 2. Forseti og V.Þ. komu í morgun. Þing kom saman.
Las ég forsetabréf þar um og bauð þingmenn
velkomna til starfa. Svo var fundi slitið.
Sátum við 4 saman þar á eftir og sagði
V.Þ. fréttir af vesturförinni. E.A. sagðist
veita Árna Tryggvasyni og Kristjáni Kristjáns
borgardómara- og borgarfóg. embættin. Síðan

1944

Sept.

stakk ég upp á för til Bessastaða, sem
ég hafði minnst á í viðtali við forseta fyrir
hádegið. Við komum allir þangað kl. 5 og
spjölluðum þar um ýmis mál. Aðallega
þó um taktík stjórnarinnar viðvíkjandi
dýrtíðarfrumvarpinu, sem efalaust yrði
hafnað af þinginu. E.A. var áfram um
„afsögn“ og B.Ól. líka helzt. V.Þ. var ekki
ásáttur með þann gang málsins og verða
svo að „fungera“ áfram. Forseti lét ekkert
beint uppi um þetta. Ég held að allir
séu mótfallnir þingrofi, það verði aðeins
bráðabirgðafrestur, þó sem búast má við,
að nýtt þing yrði mjög svipað því, sem nú
situr. Ég býst við, að afsögn sé það ein-
asta, sem komið getur til mála til þess
að þrýsta á þingflokkana að gera skyldu
sína, ef ekki er hægt að finna annan
[illegible]

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1944.

Sept.

Sd. 3 Fór til Þingvalla. Hugði B.Ól. og hans fólk vera þar, en svo var ekki. Talaði við B.Ól. í síma og er hann að hugsa sitt mál: Útvarpsræðu um dýrtíðarfrv. stjórnarinnar.

Md. 4 Dýrtíðarfrv. og fl. frv. stjórnarinnar lögð fram á þingi. Við ráðh. töluðum saman um hina næstu framtíð og framgangsmáta stjórnarinnar. Eg benti á, að af afsögn stjórnarinnar þyrfti ekki að leiða að meirihluta stjórn tæki við. Sá möguleiki lægi nærri og væri meira að segja líklegastur, að forkólfar Sjálfstfl. fengi það samþ. í flokki sínum með meiri hluta, sem væri bindandi fyrir minni hlutann, að Sjálfstfl. myndaði stjórn einn með hlutleysi Sósíalistafl. en styrk hans gegn vantrausti. Þá væri komin sama sagan og 1942. Dýrtíðin hlypi upp úr öllu valdi. Sjálfstæðið hefði tönnlast á

1944

Sept.

því stöðugt, að stjórnin ætti að segja af sér og þessvegna talið greiðari götu að setjast að stjórnarforystu ef því fengist framgengt. Hinir virtust fallast á þetta, en þó var skoðunum skift um hvað réttast væri í þessu efni.

Þd. 5. Jörundur vill ekki útvarpsumræður fyrr en þann 10. Margskonar bollaleggingar sagðar vera innan flokkanna og milli þeirra.

Mdv. 6. Ölfusárbrúin féll í nótt. B.Ben. spurði mig utan dagskrár hvað stjórnin hyggðist fyrir, en ég sagði, að enn hefði ekki ákvörðun verið tekin, en koma skyldi ég fyrirspurninni til atv.málaráðh. sem ekki var viðstaddur. Forseti vill gjarna fara í opinbera heimsókn í Hafnarfjörð og Gullbringu- og Kjósarsýslu á þriðjudag og miðvikudag. Útvarpsumræður verða á mánudag og líklega yfirlýsing frá stjórninni þá.

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1944.

Sept.

Fld. 7. Á ríkisráðsfundi í dag veitt embætti borgardómara og borgarfógeta. Er þá ráðstafað mínu opinbera gössi, og hefi ég þá engan föstu að að hverja er ég vík úr núverandi stöðu. Verður annara að ráða hvað viðtekur. Í lok útvarpsumræðnanna á mánudag verður stjórnin líklega að kveða upp úr með það hvað hún ætlar til bragðs að taka.

Föstud. 8. Árni Tryggvason kom og þakkaði fyrir veitinguna. Biskup kom að máli við mig um „bein Jóns Arasonar". Ég lofaði að athuga það mál. Hermann og St. J. St. töluðu við B. Ól. og V. Þ. og sögðust ekkert geta. Má búast við að stjórnin verði að rjúfa þing, sem er illur kostur.

Ld. 9. Ráðherrafundur. Rætt um hvernig stjórnin skyldi bera sig að á mánudag, er hún tilkynnti áform sitt útaf dýrtíðarmálunum.

1944.

Sept.

E. A. hélt fast við afsögn. B. Ól. ekki fráleitur því, af því að þingrof væri mjög varhugavert vegna þess að allt mundi standa við hið sama að kosningum liðnum. V. Þ. var óviss um hvað gera skyldi. Ég lét það uppi, að mér væri mjög illa við, að greiða götu pólitískra spákaupmanna í stjórnarsessinum, því að ég hefði enga trú á ærlegu samstarfi flokksforingjanna. Hinsvegar lýsti afsögn stjórnarinnar bezt vilja hennar og keyrði þingið til að gera það sem það getur um stjórnarmyndun.

Sd. 10 Við engan talað. Verið inni og skrifað niður nokkur orð, ef vera kynni, að ég þurfi að tala svo sem 5 mínútur á morgun og gefa yfirlýsingu um það, að stjórnin muni beiðast lausnar ef ekkert er aðgert að gagni í dýrtíðarmálunum af hálfu þingsins. Ég mun bera þetta undir collegana ef af því verður.

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# 1944

Sept.

Mán. 11. Fyrir hádegið talaði ég við V. Þ. og skýrði hon-
um frá hvernig mér væri innanbrjósts. Sagði,
að meiri hluti þingsins væri eins og stæði
þess eins megnugur að hafa alla viðleitni
stjórnarinnar til bóta og gera henni lífið
eins leitt og unnt væri. Þegar nú væri séð,
að flokkarnir vildu ekki veita stjórninni
neinn styrk til þess að hamla gegn verðbólg-
unni, ætti hún að viðurkenna vanmátt
sinn í málinu og segja af sér, en ekki að
bíða þess, að flokkarnir skriðu saman til
bráðabirgða til þess að kasta stjórninni af sér.
Hann var ekki viss um þessa taktík, en ég
sagði honum, að ég væri sannfærður um
að svona yrði að fara að. Ábyrgðin yrði að
komast óskipt yfir á þingið og stjórnin
ekki að sýna neina hálfvelgju. Einmitt
núverandi stjórn ætti að sýna það ótvírætt,
þegar lýðveldismálið væri ekki lengur í vegi, að

# 1944.

Sept.

hún hefði síður en svo löngun til að sitja
áfram við þá kosti sem hún hefur ávallt við
að búa, heldur ætti hún að knýja þingið
til að mynda stjórn með hverjum þeim
hætti sem það gæti. Las ég síðan fyrir V. Þ.
greinargerð mína, sem hann hafði ekk-
ert við að athuga. Síðan sagði ég B. Ól. frá
þessu áformi, er ég fylgdist með honum
suður í Tjarnargötu um hádegið heim á
leið. E. A. þurfti ekki að segja þetta nú því að
hann var þessu sinni utan. Kl. 3 var fundur
með forseta og honum sögð þessi ráða-
breytni og stjórnin myndi í útvarpsum-
ræðunum í kvöld boða lausnarbeiðni
sína. — Í byrjun 2. umferðar útvarps-
umræðnanna kvaddi ég mér hljóðs og
lýsti áformi stjórnarinnar. Í þingsalnum
voru fáir. Við fáum nú að sjá hverja
framvinduna

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1944.

Sept.

Þrd. 12. Blöðin flytja fregnina um lausnarbeiðni stjórnarinnar án þess að leggja útaf henni. Ræða mín var lesin í hádegisútvarpinu. Almenntalar umræður eru manna á milli um hvað nú taki við, en annars hefi ég ekki heyrt neitt sérstakt.

Mvd. 13. Eitt blað er sýnilega ánægt með ákvörðun stjórnarinnar. Það er ~~Mbl.~~, því að það segir, að ég hafi flutt ræðu mína eða tilkynninguna um væntanlega lausnarbeiðni með „virðuleik og myndarskap". Mun það vera í fyrsta sinn, sem þetta blað fer lofsorðum um framkomu mína í stjórnarsessi. Er þetta gert í leiðara blaðsins með yfirskriftinni: „Ekki skal gráta Björn bónda". Í lok greinarinnar segir, að þingið eigi nú leikinn: „Geti leikið góðan leik eða leikið af sér". Standa nú yfir mikil fundarhöld milli þingflokkanna og

1944

Sept.

innan þeirra. Hvað sem úr þessu verður, fæstir ámæla stjórninni fyrir þetta skref, en telja það eðlilegt eins og á stendur. Þó eru þeir til, sem telja stjórnina hafa átt að bíða nokkuð lengur, því að þeim hrýs hugur við hvað við muni taka.

Fmd. 14. Fjármálaráðh. tilkynnti frá ákvörðun stjórnarinnar, að hún greiddi ekki verðuppbætur á landbúnaðarafurðir frá 15. þ.m. nema samþykki Alþingis kæmi til. Borin fram tillaga í sam. þingi frá Bernharð og Skúla um að halda vísitölunni í 272 stigum fyrst um sinn. Samþ. till. frá P.Ott. o. fl. um að greiða áfram niður eins og að undanförnu til 23. þ.m. (incl.).

Fstd. 15. Mig dreymdi í nótt skrýtinn draum, sem ég ætla að skrifa hér, það sem ég man ljóst. Mér þótti ég vera staddur á einhverjum stað í húsi nokkuð stóru og rúmgóðu en

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1944

Sept.

óvistlegu því að skipan húsgagna var á
ringulreið og dragsúgur í húsinu. Átti
ég yfir að ráða húsi þessu. Þar koma
óboðnar inn í húsið kvenmenn, heldur
fleiri en ~~tvær~~ þótti mér þær vera. Þær hlassa
sér þarna inn, en ég læt strax í ljós,
að ég vilji ekkert með þær hafa og vík
mér frá þeim. Tveir kvenmannanna voru
að meðalshæð og aldri. Önnur var ekki
ósjáleg en mjög ágeng en hina sá ég ekki
ljóslega. Þær láta eindregið uppi, að þær
ætli að að setjast upp hjá mér, hvað sem
ég segi. Með þeim var unglingstelpa, sem
ekkert sagði. Ég sný mér að þeim og
nálgast þær og segi þeim, að þær geti
ekki fengið neitt hjá mér og man
ég ekki betur en ég vísaði þeim burtu.
En þá er hjá þeim hin 4. kona öldruð
og gráhærð, og standa þær nú eða

1944

Sept.

hvíslast á hver uppi við aðra og heyrðu ekkert
um aðvaranir mínar, en ég geng frá þeim.
Þótti mér þær ætla allt að einu að hafast
við í þessu húsi mínu, en ég reika áfram
um húsið sem er í óreiðu, og í öllu ~~dra~~
sneitt reglusemi og viðkunnanleik. Þannig
stóðu sakir er ég vaknaði. – Ég sagði V. Þ.
frá konum þessum og taldi hann þær merkja
flokkana, sem koma til mín og vildu leita þess,
að ég yrði í stjórn með þeirra mönnum sem
forsetisráðh. Í þessu sambandi sagði hann
mér frá viðtali við Hermann kl. 6 í gær,
sem benti til hins sama og draumurinn.
Á fundi Framsóknarmanna í morgun
virtist þó annað vera uppi á teningnum.
Ég sagði forseta frá því, að stjórnin mundi
leggja fram lausnarbeiðni sína á fundi
ríkisráðs á morgun. Mun hann segja Ól. Th.
formanni stærsta þingflokksins frá þessu í kvöld

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sept.

og boða hann á sinn fund kl. 11. á
morgun.

Ld. 16. Ríkisráð kl. 10 og lögð fyrir forseta lausnar-
beiðni fyrir ráðuneytið. Hann samþykkti,
en stjórnin starfar þangað til önnur
stjórn er mynduð. Forseti þakkaði ráðu-
neytinu með nokkrum orðum, en
ég svaraði fyrir mína hönd og sam-
verkamanna minna með þakklæti til for-
seta fyrir samvinnuna. Hvorttveggja bókað
í gerðabók ríkisráðs. E.A. hafði misskil-
ið tímann og kom ekki fyrr en kl.
$10^{45}$ en áður en upp var lesin bókunin.
Var ég orðinn órólegur vegna burtveru
E.A. vegna þess, að flokksformenn áttu
samkvæmt boði forseta að mæta
hjá honum kl. 11, en ég vildi ógjarna
rekast á þá götumenn. Það tókst
að komast hjá því, og vorum við farnir



Sept.

kl. 11. Nú reyna þeir stjórnarmyndun, en
horfur eru allar óvissar hvernig það tekst.
Við ráðh. héldum síðan fund um hverjir
hljóta skulu lýðveldis-heiðursmerkin.
Virðast þeir með vissu eiga vera þessir: For-
seti, 52 þingmenn, 4 ráðherrar, 5+1+1=7
sendiherrar, biskup, R. Beck, Krabbe, Sig. Egg.
= 68. Þessir ráðnir. Verður þetta nú borið undir
forseta.

Sd. 17. Sat heima, hitti engan og talaði ekki við
nokkurn. Las æfisögu O.W. Holmes mikils og
merkilegs manns og hæstaréttardómara
í Wash., sem sat í dómarasæti 92 ára.
V. Þ. lánaði mér bókina, sem kom út í fyrra.

Md. 18. Talaði við forseta að V. Þ. nærstöddum um
heiðursmerki lýðveldisins. Hann hafði engum
við að bæta, en sagðist sakna þess, að engin
kona væri meðal þeirra. Ég og V. Þ. játuðum
það, [illegible]

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sept.

ráðherranna 4 á milli á laugardaginn. Forseti nefndi forsetafrúna, þó ekki svo að það væri ósk hans eða hennar. Ekki mundum við telja heppilegt að taka hana með þóað hún sé ærleg og góð kona. Um stjórnarmyndun heyrist ekkert jákvætt, sem og er að vonum.

Þd. 19. Kom á þing, en þar skeði ekkert merkilegt. Allt í óvissu um stjórnarmyndun. E.A. talaði við mig um að losna. Vill hann fara strax í hæstarétt. Ég kvaðst ekki vilja spyrna á móti því, en bað hann að tala við forseta. – Ég veit ekki hvernig það verkar að E.A. fer. Að vissu leyti þykir mér það ekki mjög miður – vegna væringja milli hans og B.Ól. og V.Þ. – en þó kann það að veikja álit manna á stjórninni.

Mvd. 20. E.A. fer alfarinn á morgun. Ég sagði honum, að mér þætti þetta mikið miður, en



Sept.

hann vissi betur en ég hvað hann teldi ráðlegast fyrir sig. Við skiljum nú sama sinnis hvor gagnvart öðrum eins og þegar við hófum samstarfið, án þess nokkurn tíma hafi slettst uppá, þótt hugarhræringar mínar gagnvart honum væri ekki allt af í sama jafnvægi. Ég sagði B.Ól. og V.Þ. í morgun frá burtför E.A. og létu þeir hvor um sig það vel líka. Þá verðum við 3 eins og í upphafi var ætlað, sagði V.Þ. En báðir þeir samþykktu mitt mat um það, að fyrstu mánuðina og sérstaklega í byrjun, hefði ráðuneytinu verið mikill styrkur í E.A. og álit væri gott að hafa slíkan lærdóms- og vitsmunamann að snúa sér til í vandamálum. Ég gat þess við E.A. að Mbl. og Þjóðv. mundu nú leggja eitthvað útaf þessari [illegible]

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1944

Sept.

mundu þá segja eitthvað gagnstætt hinum
Fimtd. 21. Ríkisráð. E. A. lausn og skipaður hæsta-
réttardómari. Ég tek nú við hans
störfum, og fer ég nú að hafa allmikið
umleikis, a. m. k. að nafninu til, þar sem
ég verð nú að fara einn með það, sem
3 höfðu um einn. Forseti sagði við mig,
að hann hefði spurt mig um daginn
spurningar, sem ég hefði ekki svarað,
þ: hvort ég vildi aftur standa fyrir
stjórnarmyndun, ef á þyrfti að halda.
Ég: „það er bundið mörgum skilyrðum“.
Forseti hringdi aftur til mín kl. 8 í kvöld
og talaði um hið sama. Ég sagði líkt
og áður og gaf ekki afsvar. Hann sagðist
ætla að spyrja Ól. Th. á morgun hvernig
gengi, án þess að pressa hann. Ég taldi
það ekki ótilhlýðilegt. Ég heimsótti
B. Ól. í kvöld, og sagði honum, að ég vildi

1944

Sept.

ekki gefa mig aftur í þetta stjórnmála-
drabb, þótt farið yrði fram á það utan
neyð, nema þeir báðir yrðu með aftur.
Hann taldi það eðlilegt. En ef til þessa
kæmi mætum við engin eftirkaup eiga
við flokkana. Ég var alveg með á þeim nótum.
Föstud. 22. Kom á þing. Ekkert markvert. Um stjórnar-
myndun heyrist ekkert.
Ld. 23. Þingflokkarnir malla dýrtíðarráðstafan-
ir og stjórnarmyndun. Þeir báðu stjórnina
að halda áfram niðurgreiðslum, sem sam-
þykktar voru 14. þ. m. Var þessu lofað til
kvölds næsta þriðjudag.
Sd. 24. Ekkert heyrt og engan séð. Var að vita
viðauka og áréttingar við „Iceland
Past and Present“, sem gefa á út af nýju.
Md. 25. Kom á þing. Hitti Ól. Th. í hornherberginu (ráðherra-
herberginu) og ávarpaði hann útaf dýrtíðar-
[illegible]

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1944.

Sept.

þótti mér kynlegt, að honum þótti það við eiga að bjóða mér sæti þarna í herberginu. Ég bukkaði mig lítið eitt og þakkaði. Honum skilst, að hann sé herra þar í húsinu vegna þess að hann er formaður stærsta þingflokksins. Þeir malla eitthvað um stjórnarmyndun, en enginn veit hvort nokkuð gengur. Árni Pálsson hringdi til mín og var opinskár og einlægur um hvað við tæki, ef stjórnin yrði að víkja.

Þd. 26. Fór til Fontenay vegna afmælis Christians X. Virtist sendiherra vera ánægður yfir komu minni. Ég lét flagga á stjórnarráðinu og var síðan flaggað á öllum opinberum byggingum og víða í bænum. Flokkarnir eru ekki tilbúnir að taka afstöðu til dýrtíðarmálsins. Frestunina, sem stjórnin setti um niðurgreiðslur útrunnin í kvöld. Var því hespað af í skyndi þings-

1944

Sept.

ályktun um að leggja fyrir stjórnina eða að heimila henni að greiða úr ríkissjóði verðmiðlunarfé nokkra daga, sem væntanlega þýðir a. m. k. til laugardags. Ómerkilegt fleipur um stjórnarmyndun, sem ekki er að treysta. Ég er leiður á þessu veraldarbraski.

Mvd. 27. Boð til eftirmiðdagsdrykkju að Bessastöðum fyrir þingmenn, ráðherra og frúr. Þar munu hafa verið nær allir þingmenn, nema Ól. Th., E. Olg. og J.J.

Fd. 28. Hermann sagði, að stjórnarmyndun Sjálfstæðis- og Framsóknarfl. væri ekki útilokuð, eða að þeir flokkar styddu eventuelt núverandi stjórn fram yfir veturinn. Þó myndi Sjálfstæðisfl. ekki vilja hafa B. Ól. í stjórninni. Samtalinu sleit af tilviljun. – Útvarpsumræður. Ingólfur og Gunnar Th. talsmenn Sjálfstfl. gáfu [illegible]

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1944.

Sept.

að ný stjórn yrði mynduð. Ingólfur sagði mér þó á eftir einslega, að umsögn þeirra væri byggð á því en ekki neinni vissu. Svo mun og vera.

Föstd. 29. Talaði við B.Ól. um lýðveldis-peninginn hvort sæma ætti einhverja konu honum. Ekki virtist okkur nein kona sérstaklega til mála fyrir unnið starf vegna lýðveldisstofnunarinnar, en hitt væri á að líta hvort veita ætti hann einni eða fleirum konum sem fulltrúa eða fulltrúum kvenþjóðarinnar við þetta tækifæri. Ég bað hann að minnast á þetta mál við konu sína. Margt er skrafað um stjórnarmyndun en allt er það á reiki. Enginn veit hvað verður. V.Þ. sagði mér í síma ýmislegt um þetta og vera kynni að til minna kasta kæmi.

Ld. 30. Engir þingfundir. Ekkert frétt af stjórnarmyndunartilraununum. Undirritaði í dag

1944

Sept.

skjöl handa þingmönnum, vegna heiðursmerkis lýðveldisstofnunar. Nokkur skjöl enn eftir. Er staðráðinn í að sæma Benedikt Sveinsson heiðurspeningnum — hann var ekki samþykktur á ráðherrafundi síðast, E.A. var þá hlutlaus. Ég verð að fá umsögn félaga minna að nýju eða hlutleysi þeirra. B.Sv. á auðvitað skilið að fá þenna pening vegna stjórnmálastarfs síns fyrr og síðar. En því miður fá þenna pening margir óverðugir bera fyrir þá tilviljun, er þeir hafa slæðst á þing við síðustu kosningar. Sumir kunna og að mæla, að fleiri hljóti óverðugir þenna minnispening en þingmenn.

Okt.
Ld. 1. Var við setningarathöfn Kvennaskólans á 70 ára afmæli hans. Skólastjórinn, frk. Ragnheiður Jónsd., flutti erindi um upphaf [illegible] skólans. [illegible]

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

okt.

ríkst. Þá talaði kona úr skólanefnd-
inni, frú Guðrún Geirsdóttir kona Þorsteins
hagstofustjóra. Síðan talaði sr. Kristinn
Daníelsson nokkur orð og loks þótti
mér sem menntamálaráðherra við-
eigandi að þakka fyrir boðið með nokkr-
um orðum. Ekki veit ég hvernig það
hefur verkað, nema þær frk. Ragnheiður
og frú G.G. þökkuðu mér vel fyrir
komuna og orð mín. Þar voru m.a.
Bjarni borgarstjóri og Ásg. Ásg. bankastjóri
og fleiri mætir menn af karlþjóðinni.
Margt kvenna og allur stúlknaskarinn.
Troðfullt í stofunum. — Ekki haft
annars tal af neinum. Mbl. er
mjög úfið í Reykjavíkurbréfum í
dag í garð stjórnarinnar. Sérstak-
lega veitist það að fjármálaráðherr-
anum B.Ól. Allt blaður blaðsins



Okt.

virðist mér benda til vandræða um gang
stjórnarmyndunarinnar.

Md. 2 Talaði við forseta um stjórnarmynd-
unina og sagði, að ég liti svo á, að ekki
væri vert að þrýsta mjög fast á eftir
flokkunum. Flokkarnir yrðu að fá tíma til
að reyna sig til þrautar. Stjórnin væri í
mesta vanda og máttlaus, þar sem hún
hefði ekkert til að styðjast við, enda væri
það vilji flokkanna að gera henni sem
örðugast uppdráttar hvað sem liði þeirra
eigin vesaldómi til stjórnarmyndunar.
Ól.Th. sem formaður stærsta flokksins er fyrir-
svarsmaður flokkanna gagnvart forseta. Ól.
Th., sagði forseti, óskaði viðtals á morgun
við forseta og þá ásamt formönnum
hinna flokkanna. Það er varla líklegt,
að Sjálfst. og Framsókn takist að mynda
stjórn [illegible]

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1944

Okt

kynni Sjálfstæðið að verða að sætta sig við
núverandi stjórn eða embættismannalögðu.
Sjálfstæðir kynni nauðugt að sætta sig við
mig og verða að þola Framsókn það,
að hún heimtaði V.Þ. En nú vill Ól.Th.
Bóf-barta fyrir alla menn og þar kemur
bobb í bátinn hvað mig snertir. Ól.Th.
getur ekki myndað stjórn með komm-
únum einum. Ég talaði við forseta og
V.Þ. hvorn í sínu lagi um þessa og aðra
möguleika.

Þd. 3. Forseti sagði mér, að flokksformennirnir
með Ól.Th. sem fyrirsvars- og framsögu-
mann hefðu á fundunum hjá sér
látið það uppi, að 4. fl. stjórn væri
ekki framkvæmanleg. Eysteinn hefði
þó sagt „nema" svo að hann vildi
ekki fortaka þann möguleika. En
Ól.Th. sagði forseta á eftir, einum, að 4 fl.

1944.

Okt

stjórn væri útilokuð eftir því sem hann
gæti séð. Væri þá tveggja flokka stjórn hugs-
anleg með mönnum völdum innan
þings eða — sem síður væri líklegt — nú-
verandi stjórn embættismannalögð. En í
fyrra tilfellinu væri hann ekki rétti
maðurinn til þess að standa fyrir stjórn-
armyndun og síðara tilvikið væri hon-
um næsta ógeðfellt. — Á fundi þing-
flokks Framsóknar var málið rætt
mikið í morgun. Hermann hafði látið
uppi, að samflokkastjórn Sjálfstæðis og
Framsóknar væri helst hugsanleg
með mér sem forsætisráðherra eða
þá einhvern annan hlutlausan mann.
V.Þ. sagði mér þetta. Ég er ekki vel séður
hjá neinum flokki, því að ég er alveg
óbundinn, enginn þeirra vill styðja
mig nema með neyð.

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1944

Okt.

Mvd. 4. Prentaraverkfall stendur yfir svo að engin blöð koma út og flokkarnir starfa nú alveg í myrkrinu. Forseti sagði mér í morgun, að hann hefði falið Ól. Th. að reyna að mynda stjórn með stuðningi meiri hluta þings. Tók Ól. Th. það að sér, en lét þess getið að 100% líkur væri á móti því, að honum tækist það. Forseti vildi og, að það væri tilkynnt opinberlega, að samstjórn 4 flokka hefði ekki tekizt og Ól. Th. hafi nú tekið að sér að mynda stjórn. Var þetta birt í Útvarpinu í kvöld. – Útvarpsumræða var um fjárlögin í dag. Stjórnin lítilsvirt og skömmuð fyrir það, að hafa ekki tekizt að vinna bug á verðbólgunni og dýrtíðinni. Haraldur Guðmss. var þungorður mjög og fullur af drembilæti, en var annars algerlega innantómur. Þóroddur sletti

1944

Okt.

úr klaufunum eins og venjulega. Eysteinn þæfði og nuddaði. Jakob muldraði með spekt. B.Ól stóð sig með sóma. Aðrir tóku ekki til máls.

Fid. 5. Hjá mér eintómt vafstur og starf, en ekkert markvert. Ól. Th. starfar að stjórnarmyndun. Sagt að Alþýðufl. vilji ekki vera með, en talað um hvort ekki muni hægt að kaupa Framsókn með loforðum um skatt á eignamenn, er varið skuli til kjötuppbóta.

Föstud. 6. Það er haft fyrir satt, að Framsókn sé stórlega móðguð útaf því, að Ól. Th. hafi leitað til Alþýðuflokksins um samstarf með Kommum, sem eru til í allt, en ekki Framsóknar. Þetta er nú líklega einhver loddaraleikur hjá Framsókn. – Forseti sagði mér, að Ól. Th. hefði sagt að illa liti [illegible]

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1944.

Okt:

við mig, að þessi stjórnarmyndunartusku- gerði að fjúka eftir helgina. Ég varaði hann við, að henda svo mjög á þessu. Ef hann sætti þetta tímamörk, gæti Ól.Th. sagt á eftir, er honum hefði misheppn- ast fyrirtækið, að forseti hefði tekið fram fyrir hendur sér og að hann hefði ekki haft nægan tíma til þess að reyna allar leiðir. Samþykkti forseti þessa skoðun.

Ld. 7. Hefi nú afgreitt til forseta og hann undir- ritað skjöl þeirra 69 manna, sem sæmdir eru lýðveldis-heiðursmerkinu. Forseti tekur merkið skjallaust. Ekki er enn ráðið hvort nokkur kona á að fá merkið. Sex peningum eru þá óráð- stafað fyllilega. En vera má, að talan 75 verði alveg fyllt. Ég legg til að lýð- veldiskosninganefndin fái Fálka- kross. Ég hefi fastráðið að veita sr. Sigur-

1944.

Okt:

birni Einarssyni dósentsembættið í guð- fræðideild. Ekkert heyrt um stjórnarm.

Sd. 8. Engin blöð koma út. Hefi engan hitt og við engan talað, en lesið enskt rit- rit: How Britain is governed.

Md. 9. Skraf um stjórnarmyndunartorf. Ól.Th. Kommar vissir. Ásg. og Emil sagðir vilja hlaupa undir bagga með Ól.Th. Þetta þykir mér mjög trúlegt. Aftur eru St.J.St. og Finnur sagðir engin mök vilja eiga við Komma. Þótt þetta sé nú svo, að Alþfl. kunni að vera tilleiðanlegur, er sagt að flokkurinn setji skilyrði, sem ekki séu aðgengileg fyrir alla. Sigurður Þórðarson sagði við mig í dag, að stjórnin hefði ekki átt að segja af sér. Ekki viðdi ég samsinna þessu, því að engum flokkanna vildi opinberlega leggja stjórninni lið og hún hefði viljað greiða

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Okt.

myndaði stjórn. Sig. Þ. sagðist hafa litlar vonir um að þær mundi takast. Annars er ekkert tíðinda og þetta vafstur allt, að gegna stjórnarstörfum í óþökk flestra, sem mætur á að vinna með, síður en svo skemmtilegt eða þægilegt.

Þd. 10. Ásmundur próf. Guðmundsson sat fyrir mér útaf dósentsembættinu. Síðan kom biskup hálfgert í orðum einum útaf sama máli. Dómnefndin mælir eftir minni skoðun fastar með sr. Sigurbirni en sr. Birni. Ég skipaði því sr. Sigurbjörn, þótt guðfræðideildin, þ.e. sr. Ásmundur sem ásamt Magnúsi próf. gerir sig að yfirdómi yfir dómnefndinni, mæli einróma! með sr. Birni. Hvort eitthvert kvak verður útaf þessu veit ég ekki, enda alveg sama um það. – Enn er stjórnarmyndunin óleyst, en



Okt.

nú er það uppi á teningunum, að stjórnin sé skipuð 6 mönnum. Tveir frá hverjum flokki, Alþ. – Kom. – Sjálfst. Hvort úr þessu verður mun ekki afráðið, en trúlegt er, að þetta takist, ef nógu mörg ráðherrasæti eru í boði.

Mvd. 11 Horfur um stjórnarmyndun engu skýrari en í gær, en 6 manna stjórnin stendur föst. Mikill fundur í utanríkismálanefnd um flugvelli m.m. vegna ráðstafana í U.S.A.

Fd. 12. Sama þóf um stjórnarmyndun. Ríkisráð. Forseti hvatti til að þrýsta nú á Ól. Th. að ljúka störfum.

Föstud. 13. Kom á þing. Sendi skjöl til þingmanna um heiðursmerki lýðveldisins. Jónas Jónsson tilkynnti mér skriflega, að hann tæki ekki við „kross"inum, [illegible] það.

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1944.

Okt.

Hann er fokreiður út úr því, að hann varð að þoka úr Fálkakrossnefnd. Ekki veit ég með vissu hvað gerzt hefur um stjórnarmyndun. Hermann lét á sér skilja, að stjórnarmyndun væri nú ráðin. Ól. Th. kastaði því hinsvegar fram í margra manna áheyrn, er hann í dag fór inn í flokksherbergi Sjálfst.fl., að hann ætlaði nú að drekka „Graföl" hinnar áformuðu stjórnar. Hvað er hið rétta, er ekki gott að segja, en mjög líklegt að gengið verði að öllum öllum skilyrðum Alþýðufl., sem sagt var að sett hefðu verið. Allt er í myrkri hulið vegna þess, að engin blöð koma út, og öll skammarstykki má framkvæma án þess að upp komist fyrr en um seinan.

Ld. 14. Kom á skrifstofuna kl. 9^50 í morgun. V. Þ. sagði mér þá, að áreiðanlegur maður (Hermann?)

1944

Okt.

hefði sagt sér, að samningar hefðu tekizt í nótt um stjórnarmyndun Sjálfstæðis-Kommúnista – Alþýðuflokks. Að hvötum B. Ól. símaði ég til forseta og spurði hann hvort hann hefði fengið tilkynningu um þetta. Sagði hann, nei. Litlu síðar hringdi forseti til mín aftur, og hafði þá Ól. Th. hringt til hans og sagt, að hann hefði kl. 12^45 í nótt verið hringdur upp og tilkynnt, að Alþýðuflokkurinn hefði þá samþykkt að halda umræðum um stjórnarmyndun áfram í morgun. Tókust þá upp umræður og einhver samningur undirritaður. Er nú vissa fengin fyrir því, að ný stjórn kemst á laggirnar. – Ég hlustaði á doktorsvörn Björns Sigfússonar í háskólanum. [illegible] Sig.

Nordal [illegible]

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Okt.

efni, en þó flutt með mestu mildi. Þar sagði Alexander mér og síðan Jón Hj. Sigurðsson háskólarektor, að háskólaráð væri í þann veginn að afgreiða ákærubréf á hendur mér fyrir veitingu dósentsembættisins sr. Sigurbirni. Það ber þá upp á sama daginn, að meirihluti Alþingis verður ásáttur um að hrinda mér úr stjórnarsessinum, og háskólinn setur mig undir ákæru fyrir afbrot í embættisrekstri. Sjaldan er ein báran stök.

Sd. 15 Forseti hringdi til mín og sagði að Ól. Th. hefði sagt sér, að ekki mætti vænta endanlegrar niðurstöðu um stjórnarmyndunina fyrr en eftir 2 daga. Það er sögð veila í Sjálfstæðisflokknum útaf þessari stjórnarmyndun. Sagt er að 5 þingmenn Sjálfstæðisins: Gísli Sveinsson, Jón á Reynistað,



Okt.

Ingólfur, Pétur Ottesen og Þorst. Þorsteinsson muni lýsa yfir, að þeir styðji ekki hina væntanlegu 3ja flokka stjórn. 5 aðrir sagðir óráðnir, en ekki voru þeir nafngreindir. Ég sagði forseta það í síma, að texti þessa sunnudags, þ.e. vikunnar, væri samkv. Almanakinu „Hinn limafallssjúki“. Datt mér í hug, að þetta mundi mega heimfæra upp á Sjálfstæðisflokkinn og ef til vill einnig hina væntanlegu stjórn, sem Ól. Th. telst að koma upp.

Md. 16 Kæra háskólaráðs ekki komin. Ól. Th. lét útvarpið hafa það eftir sér, að tekizt hefði málefnasamningur um stjórnarmyndun milli Sjálfstfl. Alþýðufl. og Sósíalistafl., en eftir væri að skipta verkum milli ráðherranna.

Þd. 17. Ríkisráðsfundur í morgun. Að loknu[illegible]

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# 1944

okt.

hafa talað við Ól. Th., er hafi búist við, að skipun ráðuneytisins og verkaskipting milli manna hans mundi vart verða lokið fyrr en í fyrsta lagi á fimmtudag. Ekki kvað fullráðið um mannavalið í stjórnina af hendi Alþfl., en Finnur talinn líklegastur og Emil, og Pétur Magnússon frá Sjálfstæðinu. – Eg fór til Gísla Sveinssonar og bauð honum í Lunch á laugardaginn kemur með B.Ól., V.Þ., E.A. og frúm þeirra á Hótel Borg. Allt þetta fólk tók einstaklega vel undir þetta boð mitt, mér til sannrar ánægju. Á þetta að vera nokkurskonar kveðjuboð af minni hendi. Háskólaráðið sendir mér bréf útaf veitingu dósentsembættisins. Verð ég að athuga það mál nánar á morgun.

# 1944

okt.

Mvd. 18. Háskólaráðið sakar ráðuneytið í bréfi sínu um að „traðka rétti háskólans". Ennfremur sendi það skýrslu um málið til útvarpsins, sem sýndi mér skýrslu þessa áður en upp var lesin. Þar eð E.A. hafði í upphafi sem menntamálaráðherra farið með þessa embættisveitingu, tók ég saman svar mitt við skýrslu háskólaráðs í samráði við E.A. Var svo skýrslan og svar mitt lesið í útvarpið saman. Ef háskólinn vill halda málinu lengur áfram verður að svara honum rækilegar. – Gísli Sveinsson og þeir fimmmenningarnir í Sjálfstæðisflokknum, sem ekki vilja styðja hina væntanlegu stjórn, sendu útvarpinu tilkynningu um þetta, er óskað var, að lesin væri í útvarpið. Útvarpið eða útvarpsstjóri þorði ekki

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1944.

Okt.

að láta birta þetta, sagði útvarpsráð-
ið að birting tilkynningarinnar kæmi
í bága við hlutleysi útvarpsins. G.Sv.
og félagar hans vilja ekki fallast á þessa
skoðun, og kom G.Sv. til mín og var
gramur útaf þessari meðferð og ráð-
gerir að skrifa ráðuneytinu á morgun
og mun ég þá verða að taka opin-
berlega afstöðu til þessa ágreinings. Hvort
nýja stjórnin fæðist á morgun er
enn þá óvíst.

Okt. 19. Forseti kvaddi mig til viðtals um það
mál, hvort hann ætti að taka upp
þá reglu nú, sem Chr. X. hafði við frá-
farandi forsætisráðherra að sæma þá
stórkrossi fálkaorðunnar. Ég sagði honum
að ég vildi ekki mæla með þessu. Ráðu-
neytisskifti gætu orðið tíð, og þeir menn,

1944

Okt.

sem forseti hlyti ekki ætíð verðir
neinnar sérstakrar sæmdar í augum
þjóðarinnar. Hann kvaðst einnig hafa
hugleitt þetta sjónarmið og talið,
að það ætti að koma til greina. Þá
spurði hann mig hvort aðrir ráð-
herrar í mínu ráðuneyti — en um
það stæði sérstaklega á, að við hefð-
um offrað okkur þegar þjóðin var í
vanda — ættu að fá orðu ef ég
fengi hana. Ég sagði það tvímæla-
laust, þeir væru eins verðir hennar
og ég. V.Þ. væri að vísu með stórridd-
arakross, en B.Ól. hefði engan kross.
En nú væri það sérstaka með mig,
að ég hefði fyrir allmörgum árum
hafnað krossi og ætti því (kannske) ekki við
að bjóða mér hann, þótt að vísu

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1944.

Okt.

„skisma" væri á milli þess tíma og nútíðarinnar. Konungsríki hefði verið þá, en lýðveldi nú. Hann kvaðst ekki hafa vitað það, að ég hefði hafnað krossi. Hins bað ég hann, að minnast þeirra Br.Ól. og V.Þ. síðar við eitt eða annað tækifæri, þótt nú væri þetta tækifæri látið ónotað. Hann kvað gott, að hafa rætt við mig um þetta delicata spurs-mál. Ég þakkaði honum aftur fyrir, að hafa minnst á þetta mál. – Sr. Sigurbjörn kom og þakkaði mér fyrir veitinguna. Hann sat stundarkorn hjá mér, og spjölluðum við um ályktun háskólaráðs og prófessora guðfræðideildarinnar. Fella skoðanir okkar þar saman. Sagði

1944

Okt.

ég honum, að Magnús prófessor mundi ekki vera honum andstæður innst í sér – við M.J. höfðum rætt um veit-inguna lítilsháttar niðri í þingi – og biskup eiginlega ekki heldur. Hann kvaðst verða að kryfja betur til mergj-ar ályktun háskólaráðs. Latti ég hann þess ekki. Sagði ég honum að lyktum, að ég hefði haft hina mestu ánægju af þessu embættis-verki mínu. Mér gætist einstak-lega vel að manninum, hefi aldrei talað við hann áður; hann virðist gagntekinn af siðferðilegri og trú-arlegri alvöru. Skildum við hvor annan, og munum líklega verða vinir upp frá þessu. Hann kvaðst mundu reyna að sýna það, að hann væri trausts-ins maklegur. – [illegible]

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1944

Okt.

nefndarfundur. Aðallega um flugmála-ráðstefnu í U.S., en þangað verður að senda mann. Ól. Th. og E. Olg. voru ekki á fundinum. — G. Sv. hringdi til mín í kvöld og talaði við mig um lýðveldismerkið, vildi hann endilega láta V. Finsen fá það. Ég sagði honum að sex merkjum væri óráðstafað, og það væri spurning um að láta sendimenn okkar erlendis fá það, þar sem ekki mundi neinn koma sérstaklega til greina. Yrðu þá sæmdir merkinu Thor Thors, Pétur Benediktsson, Stefán Þorvarðsson og Villy. Finsen. Ég sagði honum, að ég hefði ekkert á móti því, að hann kæmi til fundar við okkur ráðherrana á morgun, í fyrramálið, og myndum við þá í félagi ráðstafa öllum peningunum. — Óvíst, að

1944

Okt.

stjórn Ól. Th. komi á morgun, og lítur til, að hún komi ekki fyrr en á laugardag. Luncheon mun á að vera þá kl. 12½ og þar á forseti sam. þings G. Sv. að vera.

Föstud. 20. Fundur okkar þriggja og G. Sv. um lýðveldis-heiðursmerkið handa sendimönnunum. Varð það að ráði, að þeir 4 fengju það og Jón Sig. skrifstofustjóri Alþingis og Agnar Kl. Jónsson, skrifstofustj. utanríkis-ráðun. Hefur þá öllum þeim heiðursmerkjum, 75 að tölu, sem gera á, verið ráðstafað. Undirritaði ég skjölin í dag og sendi Clausen með þau til Bessastaða til þess að fá undirskrift forseta. Í kvöld kl. 7½ hringdi forseti og sagði, að nú væri nýja ráðuneytið fullskapað, og vildi nýja stjórnin umfram allt sýna sig á morgun

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1944

Okt

(laugardag) og halda þingfund þá kl. 1½. Ég sagði forseta, að það væri ekki nema von, að þessi stjórn vildi taka við á laugardegi – til lukku, en hér væri þó að athuga, sem ég legði nokkuð upp úr, að þessi laugardagur væri fyrsti dagur Gormánaðar, hinnar gömlu sláturtíðar, og mundi það verka sterkara á störf hinnar nýju stjórnar en lukka laugardagsins. Hann svaraði litlu til þessa. Þessi þingfundur, sem haldinn mót venju á laugardegi rekst því á hádegisboð mitt vegna þess, að G. Sv. verður að vera hjá mér. Ég breytti þessu svo hjá mér, að mitt fólk kemur á Hótel Borg kl. 11.50.

Ld. 21. Ég fór í stjórnarráðið í morgun kl.

1944.

Okt.

10. Veitti einni konu á Ísafirði kennarastöðu. Óskar Halldórsson kom í heimsókn til mín. Hann hefur aldrei komið áður til mín sem forsætisráðherra. Þakkaði hann mér fyrir starf mitt og stjórnarinnar. Kvað allt hafa verið öruggt og traust undir okkar stjórn og stjórnað með réttlæti og viti. Nú vissi enginn á hverju velta myndi. Sagði ég honum, að samstarfsmenn hefðu reynst mér svo vel, sem ég hefði frekast á kosið. Allt hefði verið slétt og fellt milli okkar. Síðan kvaddi ég starfsfólk mitt í stjórnarráðinu og yfirgaf þá bygginguna fyrir hádegi.

Hafði hádegisverðarboð mitt á Hótel Borg eins og áformað var. Sérstaklega

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1944.

Okt.

gladdi það mig að sjá, að hinar ágætu frúr höfðu búið sig svo sem til viðhafnar, og eins þeirra bar, að mér þótti, næsta fögur klæði og unaðslega skemmtilegan hatt á höfði. Hafði ég ekki séð hana áður í þessum búningi, enda mun hann hafa verið nýr. – Allt fór fram eins og ég hafði búist við. Hélt ég úr sæti mínu dálítinn ræðustúf, stílaðan til meðráðherra minna, kvenna þeirra og loks til G. Sv. og klykkti út með því að biðja gestina að drekka skál hans. Kl. eitt bað ég að drekka skál forseta Íslands, en á þeirri mínútu gekk nýja stjórnin á hinn fyrsta ríkisráðsfund sinn, samkv. því, sem forseti hafði áður tjáð mér. Var þessi skál drukkin og mun

1944.

Okt.

hafa þótt vel til fundið. Kl. 1½ fór G. Sv. úr hófinu til þess að stýra fundi sameinaðs Alþingis. Kl. 2$^{25}$ var mínu hófi slitið, og gekk ég þá heim til mín, en til boðsins hafði hinn góði bílstjóri forsætisráðherrans, Clausen, ekið mér og spurði, er ég steig út úr bifreiðinni, hvort hann ætti að sækja mig, en ég kvað nei við og þakkaði honum fyrir góða og dygga þjónustu.

Er þá þessu stjórnarævintýri mínu lokið. Fáar hefi ég átt skemmtistundir þennan tíma, en ég hefi eignast nokkra góða vini, sem ég ekki hafði þekkt áður, og trúi ég því, að þeir muni reynast mér tryggir.

---

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# 1944

'Ár 1944, mánudaginn 7. febr. kom Fontenay á minn fund. samkv. ósk hans. sl. fimmtudag. Samtalið stóð frá kl. 11–12^15. Spurði hann fyrir um afstöðu stjórnarinnar til jafnréttisákvæðisins. eins og það er orðað í þál. sem stj. hefur lagt fyrir þingið. Eg sagði honum, að stj. hefði valið það að leggja fyrir þingið tillöguna eins og stj.skrárnefndin gekk frá henni, en að stj. hefði tekið fram – og í flutningsræðu minni – að hún mundi bera fram brt.till. við nefndina. Eg orðaði

ekki hverra viðtöku hún mundi verða. Talaði hann ýmislegt um það, en lét sér nægja umsögn mína um fyrirætlun stj. Sagði hann, að það væri tvennt: hið politiska og lagamanalega samband. Hið síðara virtu allar þjóðir. Þá talaði hann um „stóra málið“ og afstöðu mína 1/4 '42. Eg sagði honum, að það væri langur tími og annað viðhorf nú '44 en haustið '42. Talaði hann ýmislegt um þetta og lét sér skiljast að sambandssamn. væri tvímælalaust rétt að fella niður en gjöra þetta um

væri útrunninn, sem væri í vor. Konungssamb. töluðum við lítið um, en eg taldi það ekki eðlilegt eftir að ekkert annað væri eftir sameiginlegt. Virtist hann hafa hjóðaða skilning á afstöðu Ísl. nú en áður og meina Christmas Möller hafa haft einhver áhrif á hann í þessu efni. Þá sagði hann, að staða sín væri ekki góð hér eftir lýðveldisstofnun. Því sem hann gæti ekki viðurkennt það. Hann virtist hafa áhuga á því að nótur sínar '41 og 42 og bréf Stauning og Buhls væru birtar.

Skrifað 7/2 kl. 9–9½ e.h.

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# REFERENCE TABLES

## Avoirdupois Weight

(Used in weighing all articles except drugs, gold, silver and precious stones)

| | | |
|---|---|---|
| 27-11/32 grains (gr.) | = | 1 dram (dr.) |
| 16 drams (437½ grs) | = | 1 ounce (oz.) |
| 16 ounces (7000 grs.) | = | 1 pound (lb.) |
| 25 pounds | = | 1 quarter (qr.) |
| 4 quarters or 100 pounds | = | 1 hundredweight (cwt.) |
| 2000 pounds or 20 hundredweight | = | 1 ton (T.) |

NOTE:—The ton and hundredweight above given are those in common use in the United States.

| | | |
|---|---|---|
| 2240 pounds | = | 1 long ton (L. T.) |
| 13¼ cubic feet of air weighs | | 1 pound |

NOTE:—The grain has the same value in the Avoirdupois, Apothecaries', and Troy systems.

## Apothecaries' Weight

(Used in compounding medicines)

| | | |
|---|---|---|
| 20 grains (gr.) | = | 1 scruple |
| 3 scruples | = | 1 dram |
| 8 drams (480 grs.) | = | 1 ounce |
| 12 ounces (5760 grs.) | = | 1 pound |

NOTE:—The pound and ounce have the same value as those of Troy Weight.

## Troy Weight

(Used in weighing precious metals)

| | | |
|---|---|---|
| 24 grains (gr.) | = | 1 pennyweight (dwt.) |
| 20 pennyweights | = | 1 ounce (oz.) |
| 12 ounces (5760 grains) | = | 1 pound (lb.) |
| 1 carat (used for weighing precious stones) | = | 3.0865 grains |

## Linear Measure

| | | |
|---|---|---|
| 1/12 inch | = | 1 line |
| 12 inches | = | 1 foot (ft.) |
| 3 feet | = | 1 yard (yd.) |
| 5½ yards or 16½ feet | = | 1 rod (rd.) or pole |
| 40 rods (660 feet) | = | 1 furlong (fur.) |
| 320 rods (5280 feet or 8 furlongs) | = | 1 statute mile (m.) |
| 3 miles | = | 1 league |
| 6 feet | = | 1 fathom |
| 120 fathoms | = | 1 cable-length |
| 7⅓ cables | = | 1 statute mile |
| 5280 feet | = | 1 statute mile |
| 6080.2 feet | = | 1 geographical or nautical mile |
| 1 geographical mile | = | 1.15155 statute mile |
| 60 geographical miles | = | 1 degree longitude at equator |
| 360 degrees | = | circumference of earth at equator |

## Square Measure

| | | |
|---|---|---|
| 144 square inches | = | 1 square foot (sq. ft.) |
| 9 square feet | = | 1 square yard (sq. yd.) |
| 30¼ square yards or 272¼ square feet | = | 1 square rod or 1 perch |
| 40 square rods | = | 1 rood (R.) |
| 160 square rods | = | 1 acre (A.) |
| 640 acres | = | 1 square mile (sq. mi.) |

A square having an area of 1 acre, measures 208.71 feet on each side.

| | | |
|---|---|---|
| 1 township | = | 36 sections each 1 mile square |
| 1 section | = | 640 acres |
| ¼ section | = | ½ mile square or 160 acres |
| ⅛ section | = | ½ mile long and ¼ mile wide or 80 acres |
| 1 acre | = | 4840 square yards |
| 1 acre | = | a lot 208.71 feet square |

## Cubic Measure

| | | |
|---|---|---|
| 1728 cubic inches (cu. in.) | = | 1 cubic foot (cu. ft.) |
| 27 cubic feet | = | 1 cubic yard (cu. yd.) |
| 16 cubic feet | = | 1 cord foot of wood |
| 128 cubic feet or 8 cord feet | = | 1 cord of wood |

NOTE:—A cord of wood is equivalent to a pile 8 feet long, 4 feet wide, and 4 feet high.

| | | |
|---|---|---|
| 24¾ cubic feet | = | 1 perch (P.) |

NOTE:—A perch of stone or brick is equivalent to a section 16½ feet long, 1½ feet wide, and 1 foot high. The unit is sometimes understood to mean 16½ cubic feet and sometimes 25 cubic feet.

| | | |
|---|---|---|
| 40 cubic feet | = | 1 measurement ton, U. S. Shipping |
| 42 cubic feet | = | 1 ton British Shipping |
| 40 feet of round timber, or 50 feet of hewn timber | = | 1 ton or load |

## Multiplication Table

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 10 | 11 | 12 |
| 2 | 4 | 6 | 8 | 10 | 12 | 14 | 16 | 18 | 20 | 22 | 24 |
| 3 | 6 | 9 | 12 | 15 | 18 | 21 | 24 | 27 | 30 | 33 | 36 |
| 4 | 8 | 12 | 16 | 20 | 24 | 28 | 32 | 36 | 40 | 44 | 48 |
| 5 | 10 | 15 | 20 | 25 | 30 | 35 | 40 | 45 | 50 | 55 | 60 |
| 6 | 12 | 18 | 24 | 30 | 36 | 42 | 48 | 54 | 60 | 66 | 72 |
| 7 | 14 | 21 | 28 | 35 | 42 | 49 | 56 | 63 | 70 | 77 | 84 |
| 8 | 16 | 24 | 32 | 40 | 48 | 56 | 64 | 72 | 80 | 88 | 96 |
| 9 | 18 | 27 | 36 | 45 | 54 | 63 | 72 | 81 | 90 | 99 | 108 |
| 10 | 20 | 30 | 40 | 50 | 60 | 70 | 80 | 90 | 100 | 110 | 120 |
| 11 | 22 | 33 | 44 | 55 | 66 | 77 | 88 | 99 | 110 | 121 | 132 |
| 12 | 24 | 36 | 48 | 60 | 72 | 84 | 96 | 108 | 120 | 132 | 144 |

## Circular Measure

| | | |
|---|---|---|
| 60 seconds (″) | = | 1 minute (′) |
| 60 minutes | = | 1 degree (°) |
| 90 degrees | = | 1 quadrant |
| 360 degrees | = | 1 circumference |

A degree of the earth's surface on a meridian equals approximately 69 miles.

## Liquid Measure

| | | |
|---|---|---|
| 4 gills (gi.) | = | 1 pint (pt.) |
| 2 pints | = | 1 quart (qt.) |
| 4 quarts | = | 1 gallon (gal.) (231 cu. in.) |
| 31½ gallons | = | 1 barrel (bbl.) |
| 2 barrels | = | 1 hogshead (hhd.) |
| 1 cubic foot of water | = | 7.48 gallons |

1 cubic foot of water weighs approximately 62½ pounds

## Apothecaries' Fluid Measure

| | | |
|---|---|---|
| 60 minims | = | 1 fluid dram |
| 8 fluid drams | = | 1 fluid ounce |
| 16 fluid ounces | = | 1 pint |
| 8 pints | = | 1 gallon |

## Dry Measure

| | | |
|---|---|---|
| 2 Pints (pt.) | = | 1 quart (qt.) |
| 8 quarts | = | 1 peck (pk.) |
| 4 pecks | = | 1 bushel (bu.) |
| 1 bushel potatoes | = | 60 pounds |
| 1 barrel flour | = | 196 pounds |

## Time Measure

| | | |
|---|---|---|
| 60 seconds | = | 1 minute |
| 60 minutes | = | 1 hour |
| 24 hours | = | 1 day |
| 7 days | = | 1 week |
| 30 days | = | 1 calendar month |
| 12 months | = | 1 year |
| 365 days | = | 1 common year |
| 366 days | = | 1 leap year |
| 100 years | = | 1 century |

## Paper Measure

(Old measure, still in use for small papers)

| | | |
|---|---|---|
| 24 sheets | = | 1 quire |
| 20 quires | = | 1 ream |
| 10 reams | = | 1 bale |

(New measure, used for large papers)

| | | |
|---|---|---|
| 25 sheets | = | 1 quire |
| 20 quires | = | 1 standard ream |

## Miscellaneous

| | | |
|---|---|---|
| 12 units | = | 1 dozen |
| 12 dozen | = | 1 gross |
| 12 gross | = | 1 great gross |
| 20 units | = | 1 score |
| 4 inches | = | 1 hand |
| Diameter of circle x 3.1416 | = | circumference |
| Circumference of circle x .3183 | = | diameter |
| Diameter of circle squared x .7854 | = | area |

Atmospheric pressure is 14.7 lbs. per square inch at sea level.

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur